

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

Reykjavík, 5. júní 2024

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um tekjuskatt og staðgreiðslu opinberra gjalda, 921. mál

Nasdaq CSD SE, útibú á Íslandi (Nasdaq verðbréfamíðstöð) vill koma á framfæri sjónarmiðum sínum um frumvarp til laga um tekjuskatt og staðgreiðslu opinberra gjalda (erlendar fjárfestingar), sbr. mál nr. 921, þskj. 1366, sem sent var til umsagnar þann 10. maí 2024.

Nasdaq verðbréfamíðstöð tekur undir breytingar þær sem gerð er tillaga að í a-lið 1. gr. frumvarpsins um að fella niður skattskyldu erlendra aðila vegna söluhagnaðar á íslenskum hlutabréfum. Með því er tekið skref í átt til einföldunar á regluverki til samræmis við það sem gildir víðast hvar annars staðar í Evrópu og er breytingin til þess fallin að draga úr sérreglum hér á landi sem skapa hindranir í tengslum við fjárfestingu erlendra aðila í fyrirtækjum hér á landi.

Jafnframt vill Nasdaq verðbréfamíðstöð taka undir þær breytingar sem settar eru fram í b-lið 1. gr. frumvarpsins þar sem lagt er til að fella brott skattskyldu erlendra aðila vegna hagnaðar af sölu hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóðum og sérhæfðum sjóðum fyrir almenna fjárfesta. Það er ljóst að skattaleg meðhöndlun á verðbréfasjóðum og sérhæfðum sjóðum hefur staðið erlendri fjárfestingu í íslenskum sjóðum fyrir þrifum. Vert er að geta þess sérstaklega að staðgreiðsluskylda af hagnaði erlendra aðila af hlutdeildarskírteinum og flækjurnar sem af því skapast hefur staðið í vegi fyrir því að erlend fjármálafyrirtæki bjóði viðskiptavinum sínum upp á fjárfestingu og vörslu í íslenskum sjóðum. Með umræddri breytingu má vænta þess að tækifæri skapist fyrir erlenda milligönguaðila til að þjónusta erlenda fjárfesta í tengslum við vörslu og fjárfestingu í íslenskum verðbréfasjóðum í auknum mæli, m.a. í verðbréfasjóðum sem skráðir hafa verið rafrænt í verðbréfamíðstöð. Loks má velja því upp hvort nægjanleg rök hafi verið færð fyrir því í frumvarpinu að undanskilja sérhæfða sjóði sem ætlaðir eru fagfjárfestum frá undanþágunni. Ætla má að sterk rök séu fyrir því að slíkir sjóðir lúti sömu lögmálum og sjóðir sem ætlaðir eru almennum fjárfestum og að ekki sé síður þörf á að ryðja hindrunum úr vegi til að stuðla að aukinni erlendri fjárfestingu í þeim, líkt og bent hefur verið á í öðrum umsögnum.

Virðingarfyllt,



Árnína Steinunn Kristjánsdóttir,
yfirlögfræðingur Nasdaq á Íslandi.